



Menningarstefna Fjarðabyggðar

ásamt aðgerðaáætlun til ársins 2018



FEBRUARY 1, 2017

Starfshópur um mótun og framsetningu menningarstefnu Fjarðabyggðar.
Tillögur til menningar- og safnanefndar

Efnisyfirlit

Formáli	2
Menningarstefna Fjarðabyggðar ásamt aðgerðaráætlun til ársins 2018	3
1. Menning er lífsgæði.....	4
Aðgerðir til 2018.....	4
2. Fjarðabyggð er fjölkjarna menningarbær	5
Aðgerðir til 2018.....	5
3. Menning er skapandi auðlind	6
Aðgerðir til 2018.....	6
4. Fjarðabyggð hefur forystuhlutverki að gegna í menningu og listum.....	7
Aðgerðir til 2018.....	7
VIÐAUKI I	8
Skýrsla starfshóps um mótun og framsetningu menningarstefnu Fjarðabyggðar 2015 til 2018.....	8
VIÐAUKI II	11
Opinn kynningarfundur í Tónlistarmiðstöð Austurlands 21. október 2015 kl. 20:00-22:00.....	11
VIÐAUKI III	13
VIÐAUKI IV	15
Um Menningarstofu Fjarðabyggðar	15

Formáli

Menning er líklega með mest notuðu hugtökum samtímans. Það segir þó eitt og sér lítið um þann sess sem menning skipar almennt séð. Þegar betur er að gáð getur menning auk heldur, staðið fyrir nánast allt og ekki neitt. Við höfum menningu í listum og skapandi greinum, en líka vinnustaðamenningu, drykkjumenningu og þáttökumenningu, að ógleymdri barnamenningu og menningarlegri sérstöðu Íslendinga sem bókmenntaþjóðar, svo að fátt eitt sé nefnt.

Sú tillaga sem hér er gerð að Menningarstefnu Fjarðabyggðar byggir ekki á fastmótaðri skilgreiningu á því hvað sé menning og hvað ekki. Meginástæða þess er líklega sú að í vinnu starfshópsins reyndi ekki á þessa efnislegu merkingu, sem sýnir kannski betur en margt annað, að menningarstefna snýst ekki um skilgreiningar. Slík var í það minnsta niðurstaða þessa starfshóps.

Þar með er ekki sagt, að allir hafi alltaf verið sammála í starfshópnum og stundum voru, eins og vænta mátti, deildar meiningar. Á hinn bóginn kom í ljós á fyrstu stigum vinnunnar, að meginviðfangsefnið væri sú þýðing sem menning og skapandi starf hefur fyrir samfélagið - viðgang þess, vöxt og þróun. Um það reyndust allir sammála.

Sú meginspurning, sem lögð er til grundvallar þeim tillögum sem kynntar eru hér, snýst því ekki um hvort eða hvaða, heldur hvernig; ekki hvort þessi menning sé mikilvægari en önnur eða hvaða menningu við viljum, heldur hvernig hlúa megi sem best að menningu í Fjarðabyggð – fyrir samfélagið og framtíð þess.

F.h. starfshóps um mótun og framsetningu menningarstefnu Fjarðabyggðar,

Dýrunn Pála Skaftadóttir,
formaður

Menningarstefna Fjarðabyggðar ásamt aðgerðaráætlun til ársins 2018

Fjarðabyggð leggur áherslu á að byggja upp og styðja við menningarlíf sveitarfélagsins á breiðum grunni.

Menning og afþreying felur í sér lífsgæði sem skipa veigamikinn sess í daglegu lífi fólks. Skapandi greinar gegna enn fremur mikilvægu hlutverki fyrir atvinnuþróun landshlutans og fjölbreytni starfa.

Möguleikar fólks á að njóta menningar eða skapa, í víðtækum skilningi þess orðs, hafa að þessu leyti víðtæk samfélagsleg áhrif sem spanna allt frá ánægju íbúa og ákvörðun um búsetu, að svæðisbundinni efnahagsþróun og orðspori sveitarfélaga.

Menningarstefnu Fjarðabyggðar er ætlað að beisla þetta *menningarlega* afl í þágu sveitarfélagsins og mannlífs þess, þvert á bæjarkjarna, landshluta og alþjóðleg landamæri. Að þessu marki vinnur sveitarfélagið með almennum aðgerðum, s.s. með skipulagningu og fjármögnun menningartengdra viðburða, með því að styðja við áhugafélög í menningargrasrót Fjarðabyggðar, með því að stuðla að samstarfi menningarmiðstöðva landshlutans og með því að virkja stofnanir og svið sveitarfélagsins vegna framkvæmdar menningarstefnunnar, allt eftir því sem við á. Með markvissu og skapandi samstarfi á sviði menningar og lista, stendur sveitarfélagið enn fremur vörð um orðspor Fjarðabyggðar sem menningarbær.

Þá skal virðingar ávallt gætt við náttúru og umhverfi í menningarstarfi Fjarðabyggðar.

Menningarstefna Fjarðabyggðar skal endurskoðuð ásamt aðgerðaráætlun á fjögurra ára fresti, svo að framgangur menningar- og listastarfs í sveitarfélaginu sé eins góður og unnt er á hverjum tíma. Aðgerðaáætlun tilgreinir forgangsverkefni og megináherslur í menningarmálum á hverju tímabili. Fyrsta endurskoðun og mótun nýrrar áætlunar fer þó fram síðari hluta árs 2018.

Leiðarljós:

Að njóta menningar eða skapa er hverjum einstaklingi mikilvægt óháð aldri, stöðu og búsetu. Menning er órjúfanlegur hluti af sjálfmynd einstaklingsins og sjálfstjórningu og mikilvægur þáttur í vaxtar- og þróunarmöguleikum samfélagsins.

Fjarðabyggð er fjölkjarna menningarbær sem byggir á fjölbreytileika og skapandi samstarfi þvert á byggðarlög, landshluta og alþjóðleg landamæri. Menningarlíf einkennist af metnaði, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.

Markmið:

1. Menning er lífsgæði

Fjarðabyggð hefur forgöngu um stofnun Menningarstofu Fjarðabyggðar, sameiginlegs samstarfsvettvangs menningar og lista í sveitarfélaginu. Menningarstofan hefur það hlutverk að styðja við menningu og afþreyingu í Fjarðabyggð og stuðla með því móti að auknum lífsgæðum íbúa. Menningarstofa Fjarðabyggðar er enn fremur ætlað að styrkja starfsgrundvöll menningar og afþreyingar sem eins af grunnþáttum í efnahags- og atvinnulífi landshlutans, ásamt nýsköpun og þróun í menningarstarfi og listum. Með aðild að menningarstofunni rækir Fjarðabyggð jafnframt þær forystuskyldur sem sveitarfélagið gegnir á sviði menningar og lista.

Aðgerðir til 2018

a. Menningarstofa Fjarðabyggðar

Komið verði á fót Menningarstofu Fjarðabyggðar sem starfar á klasagrunni í samstarfi sveitarfélagsins, fyrirtækja í sveitarfélaginu, féлага og Tónlistarmiðstöðvar Austurlands. Sjá nánar í viðauka.

Aðkoma Fjarðabyggðar að menningarstofunni felur í sér föst fjárframlög á grundvelli samstarfssamnings sem menningar- og safnanefnd gerir fyrir hönd sveitarfélagsins. Samningurinn fjallar m.a. um það hvernig styðja má við og efla vaxtarsprotu menningargrasrótarinnar í Fjarðabyggð.

b. Allar stofnanir eru menningarstofnanir

Svið og stofnanir Fjarðabyggðar eru menningarstofnanir og skulu tileinka sér menningarstefnu sveitarfélagsins.

c. Nýsköpun og nýbreytni

Menningarstofa Fjarðabyggðar er vettvangur nýsköpunar og þróunar í menningarmálum í samráði og samstarfi við stofnanir Fjarðabyggðar, fyrirtæki, félög og einstaklinga.

d. Lifandi og öflug menningarstefna

Fulltrúar í menningar- og safnanefnd Fjarðabyggðar, á hverjum tíma, skipa stjórn Menningarstofu Fjarðabyggðar. Nefndin endurskoðar menningarstefnu sveitarfélagsins og aðgerðaráætlun í menningarmálum með reglubundnum hætti og leitast með því móti við að tryggja að Fjarðabyggð haldi úti öflugri menningarstefnu. Þá skal nefndin á hverju hausti undirbúa tillögur vegna fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélagsins vegna verkefna sem talin er ástæða til að sveitarfélagið komi með einum eða öðrum hætti að til skemmri eða lengri tíma á sviði menningarmála.

2. Fjarðabyggð er fjölkjarna menningarbær

Bæjarbragur Fjarðabyggðar einkennist af þróttmiklu menningarstarfi og fjölbreyttu mannlífi. Áhersla er lögð á menningarstarf sem mótað getur sveitarfélagið sem sterka heild og byggt upp sameiginlegan menningararf. Afl sitt sem sameinað sveitarfélag nýtir Fjarðabyggð einnig til að hlúa að menningu, sögu og sérstöðu hvers bæjarkjarna.

Aðgerðir til 2018

- a. Listahátíð Fjarðabyggðar
Menningar- og safnanefnd felur Menningarstofu Fjarðabyggðar á tveggja eða þriggja ára fresti að skipuleggja og koma í framkvæmd Listahátíð Fjarðabyggðar. Listahátíðin skal vera vettvangur fyrir listamenn og skapandi greinar í Fjarðabyggð.
- b. Bæjar- og menningarhátíðir
Menningarstofa Fjarðabyggðar er samráðsvettvangur framkvæmdaaðila menningarhátíða og bæjarhátíða í Fjarðabyggð og faglegur ráðunautur.
- c. Bæjarlistamaður Fjarðabyggðar
Menningar- og safnanefnd Fjarðabyggðar veitir listamanni í Fjarðabyggð nafnbótina Bæjarlistamaður Fjarðabyggðar. Nafnbótinni fylgir styrkur sem ákveðinn er í fjárhagsáætlun hvers árs. Menningar- og safnanefnd útfærir nánari reglur.
- d. Útilistaverk
Menningar- og safnanefnd ákvarðar í samráði við bæjarráð Fjarðabyggðar áætlun fyrir hvert kjörtímabil um kaup bæjarins á utilistaverkum. Listaverkin skulu endurspeglar menningu, sögu eða náttúru Fjarðabyggðar.
- e. Fræði- og listamannadvöl
Menningarstofa Fjarðabyggðar er samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélagsins vegna aðstöðusköpunar fyrir fræði- og listamenn, sem koma til dvalar vegna vinnu sinnar í Fjarðabyggð. Menningarstofa leitar eftir samstarfi við aðrar menningarstofur landshlutans í þessum efnum með öflugri starfsemi fyrir augum.
- f. Menningarmessa Fjarðabyggðar
Fjarðabyggð gengst annað hvert ár fyrir menningarmessu, sem er opinn umræðu- og samstarfsvettvangur áhugafólks í Fjarðabyggð um menningu, list og skapandi starf.
- g. Menningartengt fræðslustarf í skólum Fjarðabyggðar
Menningarstofa Fjarðabyggðar mótar í samstarfi við fræðslunefnd, menningartengt fræðslustarf í skólum sveitarfélagsins og Vinnuskóla Fjarðabyggðar.
- h. Eitt sveitarfélag – einn markaður
Íbúar skulu hafa aðgengi að upplýsingum um viðburði og menningarstarf sem fram

fer í sveitarfélaginu. Markmið kynningarstarfsins er að byggja upp einn samfelldan menningar- og listamarkað í Fjarðabyggð.

- i. Öflugri almenningssamgöngur
Bæjarráð lætur vinna aðgerðaráætlun um eflingu almenningssamganga í Fjarðabyggð með það að markmiði að auðvelda ungu fólki og þeim sem eldri eru, að sækja viðburði og æfingar á milli bæjarkjarna.
- j. Fjölmennningarleg þróun
Safna- og menningarnefnd vinnur ásamt fjölskyldusviði og stjórnsýslu- og þjónustusviði að fjölmennningarlegri þróun innan sveitarfélagsins í samstarfi við stofnanir sveitarfélagsins og Menningarstofu Fjarðabyggðar eftir því sem tilefni gefst.

3. Menning er skapandi auðlind

Fjarðabyggð er sveitarfélag auðugt af gæðum lands og sjávar eins og öflugt atvinnulíf er til marks um. Skapandi greinar eru vaxandi grunnþáttur í efnahags- og atvinnulífi sveitarfélagsins sem stuðlar að aukinni fjölbreytni starfa. Menning og saga sveitarfélagsins er einnig auðlind sem styður enn frekar við uppbyggingu og hagsæld svæðisins.

Aðgerðir til 2018

- a. Menningaráherslur í skipulagsmálum
Menningar- og safnanefnd markar í samstarfi við eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd menningartengdar áherslur í skipulagsmálum sveitarfélagsins með hliðsjón af framkvæmdum á vegum þess, hönnun mannvirkja, staðsetningu útilistaverka, mótun miðbæjarkjarna og framtíðarþróun innviða með tilliti til þarfa í ferðaþjónustu.
- b. Efling safnastarfs
Safnastofnun Fjarðabyggðar vinnur í samstarfi við Menningarstofu Fjarðabyggðar að eflingu og þróun safnastarfs sveitarfélagsins, m.a. með hliðsjón af því að efla faglegan starfsgrunn safna, sérstöðu hvers bæjarkjarna og áherslum í ferðaþjónustu.
- c. Skapandi greinar
Fjarðabyggð styðst við stefnu Austurbrúar í skapandi greinum. Þá skal Menningarstofa Fjarðabyggðar móta stefnu í málefnum skapandi greina í Fjarðabyggð.
- d. Handverks- og hönnunarmarkaðir
Menningarstofa Fjarðabyggðar verður falið að skoða í samstarfi við Austurbrú þróunarmöguleika í sölu handverks- og hönnunarvöru. Einnig mögulega minjagripagerð vegna safna í Fjarðabyggð og hvort slík framleiðsla geti átt samleið með þeim handverksamfélögum sem eru starfandi í Fjarðabyggð.

4. Fjarðabyggð hefur forystuhlutverki að gegna í menningu og listum

Fjarðabyggð veitir málefnum tónlistar á Austurlandi forystu. Þessu forystuhlutverki fylgja skyldur sem lúta bæði að samningsbundnum aðgerðum og samstarfi við aðrar menningarmiðstöðvar á Austurlandi. Fjarðabyggð hefur einnig skyldum að gegna gagnvart framgangi menningar og lista á Austurlandi sem fjölmennasta sveitarfélag landshlutans. Því betur sem hlúð er að menningarlífi sveitarfélagsins þeim mun betur getur það axlað forystuhlutverk sitt.

Aðgerðir til 2018

- a. Tónlistarmiðstöð Austurlands útvistar verkefnum menningarmiðstöðvarinnar til Menningarstofu Fjarðabyggðar, sem annast upp frá því samningsbundnar skyldur miðstöðvarinnar.
- b. Menningarstofa Austurlands er samstarfsaðili annarra menningarmiðstöðva á Austurlandi varðandi stefnumótun málaflokksins fyrir landshlutann og samstarfsverkefna á breiðum grunni. Áhersla verður einnig lögð á að sækja aukna fjármuni til málaflokksins á landshlutavísu.
- c. Samhliða því sem Menningarstofa Fjarðabyggðar vinnur að því að efla menningu og listir í Fjarðabyggð, innan einstakra bæjarkjarna og sveitarfélagsins í heild, starfar stofan einnig að framgangi málaflokksins á Austurlandi með áherslu á tónlist þvert á sveitarfélagamörk og alþjóðleg landamæri.

VIÐAUKI I

Skýrsla starfshóps um mótun og framsetningu menningarstefnu Fjarðabyggðar 2015 til 2018

Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi dagsettu 10. mars 2015. Formaður hópsins var Dýrunn Pála Skaftadóttir, sem er jafnframt formaður menningar- og safnanefndar Fjarðabyggðar. Aðrir sem sæti áttu í starfshópnum voru Björgvin Valur Guðmundsson, Jón Hilmar Kárason, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Anna Björnsdóttir og Berglind Agnarsdóttir.

Þá voru samstarfsaðilar skipaðir Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri Austurbrú, Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri atvinnu- og þróunarmála hjá Fjarðabyggð og Helga Guðrún Jónasdóttir, markaðs- og upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar. Aðstoðarmaður hópsins var Pétur Sörensson, forstöðumaður Safnastofnunar Fjarðabyggðar.

Alls voru haldnir sjö fundir á starfstímanum að sumarleyfismánuðum undanskildum. Haldinn var opinn kynningarfundur í Kirkju- og menningarmiðstöðinni Eskifirði þann 21. október 2015 og tveir opnir fundir með hagaðilum, sá fyrri 2. nóvember og hinn síðari 9. nóvember 2015. Enn fremur gekkst starfshópurinn fyrir viðhorfskönnun á meðal íbúa Fjarðabyggðar sem laut aðallega að viðhorfum almennings til menningar og menningarþátttöku. Fjallað er í viðaukum um samráðs- og vinnufundi starfshópsins og niðurstöður viðhorfskönnunarinnar.

Menningarstefna Fjarðabyggðar birtist hér sem annars vegar almenn stefnumörkun og hins vegar sundurgreind aðgerðaráætlun til ársins 2018. Aðgerðirnar sem lagðar eru til, sýna því menningarstefnuna í framkvæmd á því tímabili sem starfshópnum var ætlað að fjalla um. Ákveðið var að skilja með þessu móti á milli stefnu og framkvæmdar, m.a. með markvissari umræðu og afgreiðslu stefnunnar fyrir augum, því eitt er stefna og annað framkvæmd. Einnig vildi starfshópurinn leitast við að gefa stefnunni dýpt og fjalla um hvers vegna stefna eigi í þá átt sem lagt er til.

Leiðarljós menningarstefnunnar fjallar um samspil menningar og samfélags, sér í lagi í smærri og dreifbýlli sveitarfélögum á borð við Fjarðabyggð. Starfshópurinn spurði sig hvers konar þýðingu menningarstefna hefði fyrir slíkar samfélagsheildir og til hvers ætlast mætti af slíkri stefnu með tilliti til þeirra takmörkuðu fjármuna sem til staðar eru. Af leiðarljósinu er síðan sjálf stefnan leidd í fimm aðskildum köflum, sem eru svo aftur lagðir til grundvallar aðgerðaráætluninni. Tekið skal fram af hálfu starfshópsins að aðgerðaráætlunin er tillaga sem ákveðið var að setja fram, þó að enn eigi eftir að greina hana til hlítar hvað kostnað og framkvæmd snertir.

Til grundvallar menningarstefnunni liggur það sameiginlega mat bæði starfshópsins og samstarfsaðila, að menning og aðgengi að menningu hafi afgerandi áhrif á þau lífsgæði sem hver og einn telur sig njóta. Tengslin, sem eru að þessu leyti til staðar á milli menningar annars vegar og vaxtarmöguleika viðkomandi samfélags hins vegar, sem eftirsóknarverður atvinnu- og búsetukostur, gera að verkum að huga verður vandlega að þeim starfsgrundvelli sem menning hefur á hverjum

tíma. Sá grundvöllur snýst að mati starfshópsins ekki um tiltekna menningarstarfsemi, listgreinar, húsbyggingar eða aldurshópa, svo að dæmi séu nefnd, heldur um þá vaxtarsprotu sem eru til staðar í menningargrasrót samfélagsins.

Með vaxtarsprotum er aðallega vísað til einstaklinga, samstarfshópa eða félaga sem eru að sinna menningar- eða listasköpun. Hlúa má að starfsumhverfi slíkra sprota með margvíslegu móti, bæði fjárhagslega og faglega.

Verulegur samhljómur reyndist vera á milli þessarar grundvallarafstöðu starfshópsins og niðurstaðna úr vinnuhópum kynningarfundarins á Eskifirði. Einnig komu fram hugmyndir sem lutu að virkjun stofnana sveitarfélagsins, eftir því sem við á, gagnert í þágu skapandi starfsemi, auk þess sem menningartengdum fyrirmyndum í samfélaginu verði gert hærra undir höfði. Samhljómur var einnig um að hvatning skipti verulegu máli, sér í lagi sú sem stuðlað getur að bættu sjálfsmati og sjálfstrausti fólks í skapandi starfi og að auknu umburðarlyndi gagnvart nýjum viðhorfum, nýsköpun og aukinni fjölbreytni.

Sem dæmi um aukinn hlut stofnana í þessum efnun, var bent á Vinnuskóla Fjarðabyggðar. Þar mætti bjóða skapandi smiðjur eða götuleikhús samhliða valnámi í sjávarútvegsskólanum og Verkmenntaskóla Austurlands. Einnig var bent á að skilgreina mætti afmarkað rými í tónlistarskólum Fjarðabyggðar sem æfingaaðstöðu fyrir ungt fólk og víkka út starfsemi Jensens-húss, svo að það geti einnig nýst grunnskólum og listasmiðjum á þeirra vegum.

Í vinnuhópunum var einnig rætt í víðu samhengi um þau áhrif sem smæð heimamarkaðar, fólksfæð og fjarlægð frá þéttbýlinu á suðvesturhorninu hefur á forsendur menningarsköpunar, menningarframboðs og menningarþátttöku í Fjarðabyggð. Skil sprotastarfs og hagnaðarrekinna menningarviðburða kom einnig til tals og mikilvægi þess að opinbert fjármagn leiti frekar til grasrótarinnar, enda þótt allt menningarstarf, hvort heldur á forsendum áhugamanna eða atvinnumannanna, skipti máli fyrir þau lífsgæði sem íbúar sveitarfélagsins telji sig njóta. Skil „menningar“ og „hagnaðarrekinna menningarviðburða“ séu auk þess ekki alltaf skýr.

Með hliðsjón af því takmarkaða svigrúmi sem sérstaklega smærri sveitarfélög hafa til annarra verkefna en lögbundinna, er að mati starfshópsins mikilvægt að menningarstefna Fjarðabyggðar skapi forsendur fyrir markvissri og hagkvæmri nýtingu á þeim fjármunum sem sveitarfélagið getur lagt til málaflokksins. Starfshópurinn telur jafnframt, að enda þótt menningarstarf sé mikilvægt sem samfélagslegt verkefni, búi menningarstarfsemi í dreifbýli við það óvilhallt rekstrarumhverfi, að ríki og viðkomandi sveitarfélög þyrftu að veita margfalt meira fé til hennar en gerlegt er.

Það takmarkaða fjármagn sem til staðar er fyrir menningarstarf og þær flóknu forsendur sem slík fjármögnun styðst við, felur því í sér vanda sem mikilvægt er að menningarstefna Fjarðabyggðar takist á við.

Með það að markmiði að samstillja og nýta til hins ýtrasta þær bjargir sem til staðar eru, leggur starfshópurinn því til að menningarstofu verði komið á fót, sem fái það sérskilgreinda hlutverk að styðja við og styrkja grundvöll menningarstarfs í sveitarfélaginu. Þar sem slík starfsemi fellur að takmörkuðu leyti undir lögboðin hlutverk sveitarfélaga og lagalegt starfsumhverfi, telur

starfshópurinn þessa leið líklegri til árangurs en ráðning menningarfulltrúa eða annarra sérhæfðra starfsmanna. Þá ætti slík stofnun einnig að eiga auðveldara um vik með að afla fjárstuðnings og stofna til samstarfs við fyrirtæki og félög.

Því fer þó fjarri að starfshópurinn sjái slíka stofnun fyrir sér sem endanlega lausn á þeim vanda sem við er að eiga. Hættan er sú að starfsemin verði frá upphafi smá í sniðum og vanburðug. Áhersla er því lögð á að menningarstofa starfi á klasagrunni, með það að markmiði að laða að sér samstarfs- og fjármögnunaraðila. Hér verði því frekar um Menningarstofu en menningarstofu að ræða, ef svo má að orði komast. Þetta á ekki síður við vegna þeirra sameiginlegu hagsmuna ólíkra aðila, sem gætu með samtakamætti sínum staðið að öflugra samfélagi í Fjarðabyggð.

Að mati starfshópsins falla söguleg og menningarsöguleg verðmæti einnig undir menningarstefnu sveitarfélagsins, bæði hvað varðveislu snertir og miðlun. Þessum mikilvæga þætti er nú þegar sinnt innan Safnastofnunar Fjarðabyggðar. Starfshópurinn leggur því ekki til sérstakar breytingar í þeim efnum, en minnr á mikilvægi þessara verðmæta gagnvart sjálfsmynd samfélagsins annars vegar og atvinnugreina hins vegar á borð við ferðaþjónustu, menningartengda ferðaþjónustu og handverk. Jafnframt bendir starfshópurinn á Safnastofnun sem mögulegan samstarfsaðila innan Menningarstofu.

Þá minnr starfshópurinn á að menningarstefnu sveitarfélagsins ber í framsetningu og framkvæmd, að gæta virðingar við náttúru og umhverfi, eins og önnur starfsemi á vegum sveitarfélagsins.

Starfshópurinn bindur vonir við, að þær tillögur sem hér eru gerðar að menningarstefnu Fjarðabyggðar og aðgerðaráætlun til ársins 2018, megi verða sveitarfélaginu og íbúum þess leiðarljós í því mikilvæga verkefni sem traust og öflugt menningarstarf er hverju samfélagi.

VIÐAUKI II

Opinn kynningarfundur í Tónlistarmiðstöð Austurlands

21. október 2015 kl. 20:00-22:00

Á kynningarfundinum var, að loknum stuttum inngangserindum Dýrunnar Pálu Skaftadóttur og Jóns Hilmars Kárasonar, þátttakendum skipt upp í tvo vinnuhópa. Unnið var með sömu fjóra spurningaflokka í þeim báðum:

(1) Hvað er menning? Skiptir menning og menningarstarf mig máli? Hvað einkennir menningu Fjarðabyggðar?

(2) Hvaða menning og hvar? Hvaða viðburði viltu helst sjá? Hvar eiga þeir viðburðir að gerast? Hvaða hlutverki gegnir Tónlistarmiðstöð Austurlands/Menningarmiðstöðin?

(3) Má forgangsraða menningu og þá hvernig? Hvaðan eiga peningarnir að koma? Hvaða aðilar geta veitt menningarstarfi stuðning?

(4) Þátttaka í viðburðum. Hvað þarf til þess að ég mæti? Hvað má það kosta? Er þátttaka í viðburðum í Fjarðabyggð góð eða léleg?

Meginniðurstöður úr hópastarfinu voru í stuttu máli þær að menningarsnautt samfélag er dautt samfélag. Fátt sé til staðar sem tengt geti íbúa innbyrðis eða stuðlað að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu, þróun þess og uppbyggingu. Að sama skapi skiptir menning máli fyrir einstaklinginn sem tæki til sjálfsþroska, sjálfsþekkingar og sjálfstjáningar.

Á heildina litið er framboð á menningu einhæft og stopult. Í grasrót samfélagsins má finna öfluga og fjölbreytta vaxtarsprotu. Hlúa verði betur að þessum sprotum, svo að þeir geti vaxið og dafnað og skilað samfélaginu fjölbreyttara framboði af menningu og menningarstarfi.

Helstu einkenni menningar í Fjarðabyggð felast aðallega í sterkri stöðu tónlistar og var í þeim efnum m.a. bent á tónlistarskólana í Fjarðabyggð, kórastarf, Tónlistarmiðstöð Austurlands, unglingahljómsveitir og tónlistartengda viðburði.

Þátttaka í viðburðum er oft og tíðum dræm og bundin viðkomandi bæjarkjörnum. Samfélagsgerðin væri að breytast, lengra er á milli fólks en áður og um leið minni hvati til virkrar þátttöku. Fólk er enn tregt fara á milli bæjarkjarna til að sækja viðburði og rígur enn til staðar á milli kjarnanna þrátt fyrir (eða kannski vegna) sameiningar sveitarfélaga. Þá hefur framboð á stærri viðburðum s.s. á Akureyri og í Reykjavík einnig áhrif ásamt auknu afþreyingarframboði á vefnum. Á stundum sé engu líkara en að fólki finnist fremur hallærislegt að sækja heimaviðburði og veigri sér við þátttöku af þeim sökum.

Það blasir því við, að smæð markaðarins og óvilhallt rekstrarumhverfi liggur eins og mara á menningarstarfi með þeim óhjákvæmilegu afleiðingum að menning á undir högg að sækja í sveitarfélaginu, hvort heldur litið er til grasrótarinnar og menningarstarfs innan hennar eða stærri afþreyingarviðburða.

Helstu fjármögnunaraðilar menningar eru ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og opinberir sjóðir ásamt þeim sem neyta menningarinnar og greiða til þess aðgangseyri. Báðir vinnuhópar voru sammála um að hlutverk sveitarfélagsins tengdist fyrst og fremst grasrótinni og þeim menningarsprotum sem spretta þar upp. Einnig mátti merkja samhljóm þess efnis, að hæfni og áhugi réði því hvaða grasrótastarf sveitarfélagið gæti stutt við á hverjum tíma.

Eftirtaldar aðgerðir voru meðal annarra ræddar:

Útnefning á bæjarlistamanni Fjarðabyggðar.

Lista- eða götuleikhússmiðjur sem hluti af Vinnuskóla Fjarðabyggðar.

Bæta úr aðstöðuleysi ungs fólks t.d. með því að opna tónlistarskóla og/eða grunnskóla.

Forgangsráða menningarstyrkjum í þágu menningargrasrótar sveitarfélagsins.

Útvíkka starfsemi Tónlistarmiðstöðvarinnar svo að hún nái til allra bæjarkjarna.

Kalla atvinnulífið/stærri fyrirtæki í Fjarðabyggð að borðinu – samfélagsleg ábyrgð.

Leita leiða til að nýta félagsheimilin í þágu menningarstarfs.

Auka fjárframlög til menningarstarfsemi með markvissum og skipulögðum hætti.

Listahátíð Fjarðabyggðar – halda slíka hátíð á hverju ári eða annað hvert ár.

Menningar- og listastarfi verði gert jafn hátt undir höfði fjárhagslega og íþróttum.

Efla menningarmiðstöðina – komin langt út fyrir þolmörk í rekstri.

Fjölmenningarnálgun, Fjarðabyggð er fjölmenningarlegt samfélag.

Gera listamönnum/fagfólki kleift að koma oftar til Fjarðabyggðar og vinna með heimafólki.

VIÐAUKI III

Opnir fundir starfshóps 2. og 9. nóvember 2015

2. nóvember 2015

Mættir voru fulltrúar frá Listasmiðju Norðfjarðar.

Listasmiðja Norðfjarðar hefur lagt mikið og óeigingjarnt starf í uppbyggingu félagsins sem vettang myndlistar og handverks. Þórsmörk, sögufrægt hús í Neskaupstað, hefur verið gert upp nánast frá grunni með stuðningi fyrirtækja og félagasamtaka aðallega á Norðfirði. Í húsinu er nú unnið að myndlist, silfursmíði, grafík, glervinnslu (Tiffany), ullarvinnu o.fl. Ýmis tengd námskeið fara einnig fram í húsinu.

Listasmiðjan leggur til að Þórsmörk verði vettvangur eða miðstöð myndlistar og handverks í Fjarðabyggð. Einnig að myndlist verði stærri þáttur í menningarviðburðum Fjarðabyggðar, með Þórsmörk í lykilhlutverki þar.

Varðandi Þórsmörk er lagt til að verkefnastjóra á vegum Fjarðabyggðar verði falið að halda utan um rekstur og viðhald hússins og þá starfsemi sem þar fer fram ásamt kynningu og markaðssetningu. Einnig að rekstur hússins verði sjálfbær eða því sem næst með öflugri starfsemi.

Sem dæmi um ný verkefni er bent á útleigu íbúðar/vinnuaðstöðu fyrir listamenn eða kennara. Samstarf við aðra aðila í Neskaupstað vegna söluvænlegra viðburða m.t.t. ferðamanna, s.s. handverksmarkaður eða yogatímar. Útleiga á handverksverkstæðum til afmarkaðrar starfsemi, s.s. vegna vistmanna á Bakkabakka eða virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur. Einnig mætti skoða að samnýta gamla Lúðvíkshúsið með Þórsmörk.

9. nóvember 2015

Mættir voru fulltrúar frá:

- Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði
- Gallerí Snærós Stöðvarfirði
- Frönskum Dögum Fáskrúðsfirði
- Gallerí Kolfreyju - handverkssamfélagi Fáskrúðsfjarðar
- Íbúasamtökum Eskifjarðar
- BRJÁN – Norðfirði

Eftirfarandi var helst rætt á fundinum.

1. Listamaður ársins - menningarviðburður ársins – mikilvægt sem viðurkenning á góðu starfi.
2. Menningarvitinn – sveitarfélagið greiði fyrir fasta auglýsingu í staðarmiðli sem skipuleggjendur geti nýtt eftir þörfum.
3. Áminning á viðburði inn á visitfjardabyggd.is – hægt að bæta við einhverju forriti á síðuna þar sem þú getur skráð símanúmer og netfang til þess að fá áminningu vegna nýrra viðburða eða viðburðar sem þú hefur skráð þig á.
4. Listasmiðjur á sumrin á móti verknámsviku í VA, sjávarútvegsskólanum og vinnuskóla Fjarðabyggðar.
5. Leiklistafélög – leikfélög – spurning um að sameina og gera eitt sterkt félag milli Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.
6. Hugmyndir um að hafa alltaf tiltækan sjóð sem hægt væri að sækja í vegna sýninga eða tónleikahalds með stuttum fyrirvara – fjárhæðir væru max. 20-100 þús. kr.
7. Nýta íbúðir í eigu Fjarðabyggðar til að leigja til listamannadvaldar.
8. Koma upp sýningarsal fyrir myndlist í sveitarfélaginu – umræða um Ríkhald Valtengojer og þær sýningar sem honum er boðið að sýna út um allan heim, fólk í samfélaginu veit lítið sem ekkert um þá viðurkenningu sem hann hefur hlotið á heimsvísu. Gallerí Snærós er fyrsta gallerí sinnar tegundar sem er byggt utan höfuðborgarsvæðisins.
9. Jafnræði milli greina – Skapandi greinar (s.s. tónlist, hönnun, handverk o.fl.) fái sömu krónutölu á móti íþróttum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. (Tengist umræðu um endurskilgreiningu á grunnþjónustu.)
10. Efla grasrótastarf til muna – finna hentug húsnæði og laða að ungt og hæfileikaríkt fólk.
11. Umræða um ómenningu á Reyðarfirði – ýta þarf undir frumkvæði fólks til að skapa, setja upp sýningar, vinna með list o.s.frv.
12. Menningarstrætó - Koma upp samgöngum milli byggðarkjarna þegar um ákveðna viðburði er að ræða eða með reglubundnum hætti. Kanna hvernig nýta megi almenningsamgöngur þegar viðburðir eru í gangi og laða þá viðburði að ákveðinni tímasetningu bíla – eða öfugt.

VIÐAUKI IV

Um Menningarstofu Fjarðabyggðar

1) Sjálfstæð stofnun

Menningarstofa Fjarðabyggðar er fjármögnuð með framlagi frá sveitarfélagi, styrkjum frá fyrirtækjum og úthlutunum úr opinberum sjóðum. Menningarstofan er samstarfsvettvangur sem vinnur að eflingu menningar, lista og skapandi greina í Fjarðabyggð með skipulagningu og fjármögnun viðburða, verkefnastjórnun og hagnýtri ráðgjöf, eftir því sem við á.

2) Ráðning forstöðumanns

Forstöðumaður verður eini starfsmaður Menningarstofu Fjarðabyggðar fyrsta kastið. Verður starfsmönnum fjölgað eftir því sem efni og tilefni standa til. Forstöðumaður getur sótt aðstoð til starfsmanna á bæjarskrifstofu eftir því sem verkefni krefjast. Mögulegir samstarfsaðilar eru Safnastofnun Fjarðabyggðar, sviðsstjórar, markaðs- og kynningarfulltrúi og íþrótt- og tólmstundafulltrúi.

3) Samrekstur við Tónlistarmiðstöð Austurlands

Stjórn Tónlistarmiðstöðvar Austurlands gerir samning við Fjarðabyggð um útvistun verkefna miðstöðvarinnar til Menningarstofu Fjarðabyggðar.

4) Stjórn Menningarstofu Fjarðabyggðar

Stjórn er skipuð fimm fulltrúum. Stjórn menningarstofu á hverjum tíma er skipuð þeim sömu og skipa menningar- og safnanefnd. Formaður nefndarinnar er jafnframt stjórnarformaður menningarstofunnar.

Breitt starfssvið

Menningarstofa Fjarðabyggðar myndar vettvang menningar- og listastarfs í Fjarðabyggð. Starfsemi er ekkert óviðkomandi í þeim efnum og getur spannað allt frá menningar- og listviðburðum, að fagstuðningi vegna bæjarhátíða og lista- og menningarstarfi innan grunnskóla og félagsmiðstöðva. Einnig má nefna þróunarverkefni á borð við Listahátíð Fjarðabyggðar, hönnun og handverk, stytur Fjarðabyggðar, menningarmessu eða staka viðburði í samstarfi við t.d. Listahátíð Reykjavíkur. Síðast en ekki síst sameinar menningarstofan skapandi starf í Fjarðabyggð þvert á alla bæjarkjarna.